

Reykjavík, 29. október 2014

## **GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU SÍLDARVINNSLUNNAR SEYÐISFIRÐI**

### **INNGANGUR**

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði á tímabilinu 19. maí til 9. júlí 2014. Auk opinberrar auglýsingar á tillöggunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Skipulagsstofnunar og Vinnueftirlitsins.

### **ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR**

Vinnueftirlitið gerði engar athugasemdir við starfsleyfistillögu að því tilskildu að fyrirtækið fari að þeim lögum og reglum sem Vinnueftirlitinu er falið eftirlit með.

Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Umsækjandi gerði athugasemdir við orðalag um fiskúrgang í grein 2.3 enda lítur umsækjandi ekki á hráefni sitt sem úrgang.

Umhverfisstofnun sá sér fært að verða við þessum óskum umsækjanda eftir breytingar á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykktar voru á Alþingi 16.maí 2014. Greininni hefur nú verið breytt á þann hátt að fjallað er um afskurð og aukaafurðir í stað afskurðs og annars fiskúrgangs.

### **AÐRAR BREYTINGAR SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI FRÁ AUGLÝSTRI TILLÖGU**

- Bætt var við grein 1.10 sem fjallar um umhverfisábyrgð en í samræmi við lög um umhverfisábyrgð nr.55/2012 þá ber rekstraraðili ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi.
- Í grein 3.2 var bætt inn texta um að TVN skráningar skuli sendar inn eftir hverja vertíð.
- Innsláttarvillur og orðalag lagað á stöku stað.